

Miðvikudaginn 23. marz 1966.

Nr. 32/1965. **Vörður h/f** (Benedikt Blöndal hdl.)

gegn

**Sjávarútvegsmálaráðherra og
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Jón L. Arnalds hdl.)

og

Baldri Guðmundssyni

(Árni Halldórsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Stjórnsýsla. Vátrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. febrúar 1965, og eru dómkröfur hans þessar:

Aðalkrafa: Að stefnda sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verði dæmt að greiða honum kr. 226.451.56 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. júní 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að stefnda Baldri Guðmundssyni verði dæmt að greiða honum kr. 226.451.56 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. júní 1963 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Baldur Guðmundsson krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Upphaf máls þessa er það, að áfrýjandi leigði stefnda Baldri Guðmundssyni með skipsleigusamningi 24. nóvember 1961 skip sitt b/v Gylfa, BA 16, 696 óskírar rúmlestir að

stærð, „til sildar- og fiskflutninga“. Leigutíminn skyldi hefjast 1. desember 1961 og vera til 1. marz 1962, en var síðar framlengdur til 10. marz 1962. Leigugjaldið var ákveðið kr. 250.000.00 á mánuði. Leigutaki skyldi greiða rekstrar-kostnað skipsins, á meðan leigan stæði, laun áhafnar, tryggingargjöld áhafnar og hafnargjöld. Hins vegar skyldi leigusali greiða vitagjöld og lestar svo og „vátryggingariðgjöld af skipinu“. Leigutaki flutti síðan ísvarða sild á skipnu á erlendan markað á leigutímanum. Hann er talinn hafa staðið skil á leigugjaldinu.

Áður en skipsleigusamningur þeirra áfrýjanda og stefnda Baldurs tók gildi, höfðu vátryggingariðgjöld fiskiskipa um skeið verið greidd úr svonefndum Útflutningssjóði samkvæmt ákvæði 5. mgr. 1. gr. laga nr. 84/1960, um breyting á lögum nr. 4/1960 um efnahagsmál, og af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum samkvæmt 4. mgr. 7. gr. bráðabirgðalaga nr. 80/1961, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu. Ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, tóku við af téðu ákvæði bráðabirgðalaganna og gilda um greiðslur vátryggingariðgjalda af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum á þeim tíma, er skipsleigusamningur þeirra áfrýjanda og stefnda Baldurs Guðmundssonar stóð.

Fyrir gildistíma skipsleigusamnings þessa voru vátryggingariðgjöld fiskflutningaskipa eigi greidd af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en nokkru eftir að skipsleigusamningurinn tók gildi, var hafinn flutningur á ísvörðum sildarafla í fiskiskipum á erlendan markað. Þetta leiddi til þess, að sjávarútvegsmálaráðuneytið lýsti því í bréfi til Landssambands íslenzkra útvegsmanna 6. febrúar 1962, að það mundi samkvæmt tillögum Landssambandsins í bréfi 27. janúar s. á. greiða af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum vátryggingariðgjöld fiskiskipa, sem flyttu ísvarða sild á erlendan markað. Einnig tilkynnti ráðuneytið Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, sem vátryggði b/v Gylfa, BA 16, í bréfi 9. febrúar 1962, „að úthald fiskiskipa við flutning á

ísvörðum fiski á erlendan markað skuli við greiðslu iðgjaldanna jafngilda úthaldi við fiskveiðar“. Stefndi Baldur Guðmundsson fór þess því næst á leit í bréfi til sjávarútvegsmálaráðuneytisins 15. febrúar 1962, að það greiddi honum váttryggingariðgjöld þau, sem kæmu í hlut b/v Gylfa, BA 16, af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum fyrir það tímabil, sem hann gerði botnvörpunginn út til síldarflutnings á erlendan markað. Ráðuneytið sendi erindi stefnda Baldurs Landsambandi íslenzkra útvegsmanna til umsagnar. Landssambandið mælti með beiðninni í bréfi 24. marz 1962. Ráðuneytið varð síðan við málaleitan Baldurs og tilkynnti váttryggjanda b/v Gylfa, BA 16, Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, í apríl 1962 nefnda ákvörðun sína, en Samtryggingin andmælti þegar. Hinn 30. maí 1962 tilkynnti ráðuneytið Samtryggingunni, að það hefði greitt stefnda Baldri Guðmundssyni váttryggingariðgjaldið fyrir tímabilið 5. desember 1961 til 1. janúar 1962, kr. 63.689.71. Samtrygging íslenzkra botnvörpunga andmælti þessu í bréfi 12. júní 1962 til ráðuneytisins. Með bréfi 31. janúar 1963 tilkynnti ráðuneytið Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, að það mundi greiða stefnda Baldri Guðmundssyni váttryggingariðgjald b/v Gylfa fyrir tímabilið 1. janúar 1962 til 10. marz s. á. Samtryggingin mótmælti í bréfi 19. febrúar 1963. Loks tilkynnti ráðuneytið Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga í bréfi 19. apríl 1963, að það hefði greitt stefnda Baldri Guðmundssyni váttryggingariðgjaldið fyrir tímabilið 1. janúar til 10. marz 1962, kr. 162.761.85. Samband íslenzkra tryggingafélaga skarst í málið að beiðni Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga og bar fram mótmæli við ráðuneytið í bréfi 3. júlí 1962.

Váttryggingariðgjöld fyrir b/v Gylfa, BA 16, hafa enn eigi verið greidd váttryggjanda hans, Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga, fyrir tímabilið 5. desember 1961 til 10. marz 1962.

Áfrýjandi telur, að framangreind váttryggingariðgjöld hafi ranglega verið greidd stefnda Baldri Guðmundssyni og krefst í máli þessu, að þau verði greidd til sín.

Talið er, að eigendur íslenzkra fiskiskipa hafi haustið 1960 verið almennt komnir í nokkur vanskil um greiðslur vátryggingariðgjalda fyrir skipin. Til að ráða bót á þessu var leidd í lög nr. 84/1960 breyting á 8. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál. Í 4. mgr. 8. gr. segir eftir breytinguna: „Fé það, sem afgangsverður í Útflutningssjóði, skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960“. Enn segir í 5. mgr.: „Ríkisstjórnin setur að fengnum tillögum Lands sambands íslenzkra útvegsmanna reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu vátryggingariðgjalda fiskiskipa samkvæmt 4. málsg. þessarar greinar“. Síðla árs 1961 urðu enn vanskil eða erfiðleikar um greiðslu vátryggingariðgjalda nefndra skipa, og báru sjávarútvegsmálaráðuneytið og fyrirsvarsmenn Sambands íslenzkra tryggingafélaga saman ráð sín um málið. Niðurstaðan varð sú, að ráðuneytið ritaði Sambandi íslenzkra tryggingafélaga bréf hinn 20. nóvember 1961 svohljóðandi:

„Með skírskotun til viðtala við formann Sambands íslenzkra tryggingafélaga vill ráðuneytið taka fram, að ríkisstjórnin mun leita samþykkis Alþingis til þess, að ríkissjóður greiði eftirstöðvar af vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árið 1960. Ennfremur mun ríkisstjórnin leita samþykkis Alþingis til þess, að 32% af útflutningsgjaldi fiskiskipa samkvæmt 7. g. laga nr. 80/1961 verði varið til þess að greiða upp í vátryggingariðgjöld fiskiskipa á árinu 1961.

Þessar ráðstafanir eru þeim skilyrðum bundnar, að vátryggingarfélögin gangi ekki að skipaeigendum fyrir ógreiddum iðgjöldum og segi ekki upp skipatryggingu, eins og sakir standa“.

Í áður nefndu bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins til Samtryggingar íslenzkra botnvörpunga og margra annarra vátryggingafélaga 9. febrúar 1962 segir m. a. svo: „Ráðuneytið hefur nú ákveðið, að við greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa vegna ársins 1961 af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum verði farið eftir sömu reglum og notaðar voru við greiðslu iðgjalda ársins 1960 úr Útflutningssjóði . .

..... Ráðuneytið áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við váttryggingarfjárhæðir og iðgjaldaprósentur einstakra skipa.

Í samræmi við það, sem að framan er sagt, er þess óskað, að þér hraðið nauðsynlegri gagnasöfnun og látið ráðuneytinu í té útreiknaðar iðgjaldakröfur við fyrstu hentugleika, svo að afgreiðsla iðgjaldafjárins þurfi ekki að tefjast af þeim sökum

Í 4. mgr. 7. gr. áðurnefndra bráðabirgðalaga nr. 80/1961 er svo mælt: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: Til nýs tryggingarkerfis fiskiskipa samkvæmt ákvörðun Alþingis 32%“. Ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962, er leystu bráðabirgðalögin af hólmi, hljóðar svo: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur, 62%“. Ákvæðið skal og taka til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1963 samkvæmt lögum nr. 98/1962. Nefnt ákvæði 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962 geymir umboðsreglu og verklags handa ráðuneytinu, þannig að eigi var unnt að setja reglur, er þrengdu það ákvæði laganna, að 62% af tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skyldi verja til beinnar greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961, 1962 og 1963. Hins vegar verður eigi talið, að ráðuneytið hafi farið út fyrir valdsvið sitt, þá er það felldi fiskiskip, sem notuð voru til flutnings á isvörðum fiski á erlendan markað, undir ákvæði laganna. Það þykir því verða að skýra nefnt lagaboð þannig, að ráðuneytinu hafi borið að greiða váttryggingariðgjöld þau, sem þar greinir, beint til váttryggingafélaga þeirra, sem í hlut áttu. Sjávarútvegsráðuneytið hefur og haft þann hátt á, er lögin ætlast til, í öðrum tilvikum en því, sem í máli þessu greinir, svo sem marka má af bréfi ráðuneytisins til Sambands íslenskra tryggingafélaga, dags. 1. marz 1963.

Með tilvísun til þeirrar greinargerðar, sem nú var rakin,

átti áfrýjandi eigi heimtingu á því, að váttryggingariðgjöld þau, sem í málinu greinir, væru greidd til sín. Hann getur því eigi öðlazzt dóm um, að annar hinna stefndu greiði þau í hans sjóð. Þetta leiðir til þess, að dómsorð héraðsdómara stendur óraskað.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Dómsorð héraðsdómarans stendur óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. nóvember 1964.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 5. þ. m., hefur Vörður h/f, Patreksfirði, eigandi b/v Gylfa, BA 16, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 11. júní 1963, gegn sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu á kr. 226.451.56 með 8% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi ríkissjóður hefur krafizt þess að verða algerlega sýknaður og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins..

Samkomulag er með málsaðiljum að ganga fram hjá sáttanefnd í máli þessu.

Með framhaldsstefnu, birtri 19/11 1963, stefndi stefnandi Baldri Guðmundssyni útgerðarmanni, Goðheimum 9, hér í borg, til vara. Krafðist hann þess, að framhaldsstefndi yrði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 227.451.56 með 8% ársvöxtum frá frumstefnudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu. Framhaldsstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Reynt hefur verið að koma sátt á í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir: Hinn 24. nóvember 1961 gerðu stefnandi og framhaldsstefndi, Baldur Guðmundsson, með sér samning um leigu á skipi hins fyrrnefnda, b/v Gylfa, BA 16. Samið var um, að Baldur skyldi fá skipið til afnota til síldar- og fiskflutninga frá 1. desember 1961 til 1. marz 1962. Síðar var leigutíminn framlengdur til 10. marz 1962. Í leigu eftir skipið lofaði

leigutaki að greiða kr. 250.000.00 á mánuði. Í leigusamningi aðiljanna skuldbatt leigusali sig til að greiða váttryggingariðgjöld af skipinu. Leigutaki notaði skipið til flutnings á ísaðri sild á erlendan markað, og mun hann hafa staðið við þær skuldbindingar, sem samningurinn lagði honum á herðar.

Haustið 1960 munu eigendur íslenzkra fiskiskipa yfirleitt hafa verið komnir í vanskil með greiðslur áfallinna váttryggingariðgjalda skipanna. Þetta vandamál var tekið til meðferðar af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna annars vegar vegna eigenda fiskiskipanna og hins vegar af Sambandi íslenzkra tryggingafélaga vegna váttryggingarsalanna. Árangur þessarar málsmeðferðar var fyrst sá, að hinn 20. desember voru á Alþingi samþykkt lög nr. 84/1960 til breytingar á lögum nr. 4 frá 20. febrúar 1960 um efnahagsmál. Í 4. málsgrein 8. greinar þeirra laga segir meðal annars svo: „Fé það, sem verður afgangs í útflutningssjóði, . . . skal afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960“. Í 5. málsgrein sömu greinar segir svo: „Ríkisstjórnin setur, að fengnum tillögum Landssambands íslenzkra útvegsmanna, reglur um ráðstöfun fjár til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa, samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar“.

Seint á árnium 1961 þurftu fyrrgreindir aðiljar enn að glíma við þetta sama vandamál. Fóru í því skyni fram m. a. viðræður milli forráðamanna Sambands íslenzkra tryggingafélaga annars vegar og sjávarútvegsmálaráðuneytisins hins vegar. Lyktaði þeim viðræðum á þá lund, að ráðuneytið staðfesti í bréfi til Sambands íslenzkra tryggingafélaga, dagsettu 20. nóvember 1961, að ríkisstjórnin mundi leita samþykkis Alþingis til þess, að ríkissjóður greiddi eftirstöðvar af váttryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árið 1960. Enn fremur var í nefndu bréfi gefið það fyrirheit, að ríkisstjórnin mundi leita samþykkis Alþingis á því, að 32% af útflutningsgjaldi fiskiskipa samkvæmt 7. grein bráðabirgðalaga nr. 80 frá 1961 yrði varið til greiðslu upp í váttryggingariðgjöld fiskiskipa á árinu 1961. Loks var tekið fram í nefndu bréfi, að þessar ráðstafanir yrðu þeim skilyrðum bundnar, að váttryggingafélögin gengju ekki að skipaeigendum fyrir ógreiddum iðgjöldum og segðu ekki upp skipatryggingu, „eins og sakir standa“, eins og það er orðað í bréfinu.

Á þessum tíma var framangreint skip váttryggt hjá Samtryggingu íslenzkra botnvörpunga. Þegar áðurgreindur leigusamningur var gerður, höfðu um nokkurt skeið gilt þær reglur, að

vátryggingariðgjöld fiskiskipa voru að verulegu leyti greidd af opinberu fé, sbr. ákvæði 5. mgr. 8. greinar laga nr. 84/1960 og 4. málsgrein 7. greinar bráðabirgðalaga nr. 80/1961, svo sem fyrir hefur verið getið í dómnum. 17. apríl 1962 voru samþykkt lög um sama efni nr. 28/1962. Voru þau að nokkru staðfesting á fyrrnefndum bráðabirgðalögum, og gilda ákvæði þeirra laga um greiðslur vátryggingariðgjalda á þeim tíma, sem hér um ræðir.

Í 4. málsgrein 7. greinar laga þessara segir m. a. svo: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa fyrir árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%. Þegar vátryggingariðgjöldin fyrir þessi ár eru greidd, skal 32% útflutningsgjaldsins renna til tryggingar fiskiskipa samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins“.

Þegar fyrrgreindur samningur var gerður milli stefnanda og Baldurs Guðmundssonar, mun framkvæmd þessara ákvæða hafa verið sú, að vátryggingariðgjöld fiskflutningaskipa voru ekki greidd af opinberu fé. En um það leyti, sem leigutíminn byrjaði, tíðkaðist það, að fiskiskip sigldu með ísaðan síldarafla á erlendan markað. Sjávarútvegsmálaráðuneytið mun hafa talið, að með tilliti til þess, að með þessari notkun skipanna væri verðmæti aflans aukið, væri rétt að telja þann tíma, er færi í siglingu skipanna, til jafns við úthaldstíma á miðunum og ákvað hinn 12. febrúar 1962 að greiða vátryggingariðgjöld þeirra einnig þann tíma. Þá var um leið af sömu ástæðum ákveðið að greiða vátryggingariðgjöld b/v Gylfa, sem einnig var notaður til síldarflutninga, samanber framanritað.

Með bréfi, dagsettu 15. febrúar 1962, fór framhaldsstefndi þess á leit við sjávarútvegsmálaráðuneytið, að það greiddi honum vátryggingarupphæð þá, er greiða beri vegna b/v Gylfa, BA 16, fyrir það tímabil, er hann hafi gert skipið út til síldarflutninga. Sjávarútvegsmálaráðuneytið greiddi framhaldsstefnda fjárhæðir, sem numu kr. 63.689.71 fyrir tímabilið 5. desember 1961 til 31. sama mánaðar og kr. 163.761.85 fyrir tímabilið 1. janúar til 10. marz 1962, eða samtals kr. 227.451.56. Greiðslur þessar fóru fram þrátt fyrir mótmæli Samtryggingar íslenzkra botnvörpu-unga, vátryggingarsala skipsins, og Sambands íslenzkra tryggingafélaga, en með samþykki Landssambands íslenzkra útvegsmanna, svo sem fram kemur í málsskjöllum, Samtrygging ís-

lenskra botnvörpunga hafði áður gert kröfur um, að fjárhæðir þessar yrðu greiddar beint til sín sem váttryggingarsala skipsins.

Í máli þessu krefst Vörður h/f, að greiðslur þær, er mál þetta snýst um, séu greiddar til sín.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að megintilgangur lagasetningar þessarar hafi verið sá að veita fiskiskipaeigendum næga fjárhagslega aðstoð til þess að varna því, að skip þeirra féllu úr tryggingu, enda segi berum orðum í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 84/1960, að „fé skuli afhent útvegsmönnum á þann hátt, að það gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda fiskiskipa á árinu 1960 . . .“. Þá bendir stefnandi á, að það hafi verið skilyrði þessara ráðstafana og annarra hliðstæðra, er síðar hafi verið gerðar, að váttryggingafélögin gengju ekki að skipaeigendum vegna ógreiddra iðgjalda og segðu ekki upp skipatryggingum, eins og sakir stæðu. Enda hafi styrkur þessi í öllum öðrum tilfellum en hér um ræðir verið greiddur beint til hlutaðeigandi váttryggingafélaga vegna eigenda skipanna. Með því að greiða leigutaka styrkinn í stað skipseiganda sé megintilgangur styrkveitingarinnar, sá, að hann gangi til greiðslu váttryggingariðgjalda af skipinu, algerlega brostinn og þjóni þá aðeins þeim tilgangi að gera leigutaka reksturinn arðvænlegri en ella, en leysi hins vegar ekki þann vanda, er styrk þessum hafi verið ætlað.

Þá bendir stefnandi enn fremur á, að tryggingarsali skipsins og Samband íslenskra tryggingafélaga hafi mótmælt þessari greiðslutilhögun á styrknum og gert kröfu um, að váttryggingarsalanum yrði greiddur styrkur þessi beint vegna eiganda skipsins, enda hafi sá greiðslumáti stuðzt við álitserð tveggja hæstaréttarlögmanna, er látið hafi upp álit sitt um þetta efni við Landssamband íslenskra útvegsmanna, þótt hið furðulega hafi síðar gerzt, að L. Í. Ú. hafi verið sammála sjávarútvegsmálaráðuneytinu í því að greiða leigutaka margnefndan styrk.

Stefndi ríkissjóður byggir sýknukröfu sína á því, að samkvæmt 7. gr. laga nr. 28/1962 hafi sjávarútvegsmálaráðuneytið haft um það fullkomið ráðstöfunarvald, hvernig það ráðstafaði þeim fjármunum, er ætlaðir hafi verið til greiðslu váttryggingariðgjalda af fiskiskipum, sbr. orðalagið: „samkvæmt reglum, er sjávarútvegsmálaráðuneytið setur“ og „samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins“. Hér sé um að ræða dæmi laga-setningar, þar sem framkvæmdarvaldshafa sé fengið endanlegt úrskurðar- og ákvörðunarvald um tiltekið efni. Hafi dómstólar því ekki lögsögu um þetta atriði, því að sjávarútvegsmálaráðu-

neytið ákveði eitt, hverjum beri og hverjum ekki greiðslur úr Útflutningssjóði til fiskiskipa.

Einnig bendir þessi stefndi á, að réttur stefnanda sé ekki lögvarinn kröfuréttur, heldur réttur þiggjandans. Með lagasetningu þessari (lög nr. 28/1962) hafi markmiðið verið að styrkja útgerðina vegna hallarekstrar. Hér sé því ekki um að ræða skuld Útflutningssjóðs eða ríkissjóðs við stefnanda, heldur einungis styrk eða hjálp, sem enginn eigi sérstaka lögvarða kröfu til. Það hafi komið fram bæði í lögnum, frumvarpinu að þeim og umræðunum á Alþingi, að tilgangur þeirra hafi verið að styrkja útgerðina. Skipaeigendur, sem ekki geri skip sín út til fiskveiða eða flutnings á ísvörðum fiski, fái því ekki greiddan styrk þennan. Enda sé Útflutningssjóður byggður upp með gjaldi af sjávarafurðum og því eðlilegt, að aðeins þeir aðiljar, er útgerð stundi og leggi þannig fé til uppbyggingar sjóðsins, verði aðnjótandi styrks úr honum. Baldur Guðmundsson hafi verið hinn raunverulegi útgerðarmaður skipsins og því hafi honum borið styrkurinn.

Þá hefur stefndi að endingu bent á það, að þegar leigusamningurinn var gerður, hafi fiskflutningaskipun ekki verið greiddur styrkur þessi. Það hafi fyrst verið ákveðið að gera slíkt með bréfi sjávarútvegsmálaráðuneytisins til Landssambands íslenzkra útvegsmanna, dags. 6. 2. 1962. Hafi aðiljum leigusamningsins því alls ekki verið ljós sá möguleiki við samningsgerð, að styrkur þessi yrði einnig veittur fiskflutningaskipun og því hljóti leigugjaldið eftir skipið að hafa verið ákveðið með tilliti til þess, að leigusalinn skyldi greiða váttryggingariðgjöld skipsins. Það hafi því raunverulega verið leigutakinn, sem hafi greitt váttryggingariðgjöld skipsins í leigunni. Styrki það því enn þá ákvörðun ráðuneytisins að greiða Baldri Guðmundssyni fé þetta, svo sem gert hafi verið, en ekki leigusala.

Framhaldsstefndi, Baldur Guðmundsson, reisir sýknukröfu sína á því, að hann hafi aldrei tekið að sér að greiða, hvorki stefnanda né öðrum, váttryggingariðgjöld vegna b/v Gylfa umfram það, sem hann hafi þegar greitt í leigugreiðslum til stefnanda, en við ákvörðun á leigufjárhæðinni hafi að sjálfsögðu verið tekið tillit til þess, að stefnanda hafi borið að greiða váttryggingariðgjöld af skipinu, meðan leigutímabilið stóð. Sjávarútvegsmálaráðuneytið hafi haft fulla heimild til þess að lögum að greiða framhaldsstefnda styrk þennan og hann veitt honum móttöku án nokkurrar skuldbindingar um það að greiða hann stefnanda eða váttryggingarsala skipsins síðar. Að öðru leyti tekur fram-

haldsstefndi undir sýknukröfu aðalstefnda um það, er skiptir máli.

Í 4. mgr. 7. gr. laga nr. 28/1962, er gilda um tilvik það, sem hér er til úrlausnar, segir m. a. svo: „Tekjum af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum skal frá ágústbyrjun 1961 ráðstafað þannig: til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa árin 1961 og 1962, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, 62%“.

Þegar þetta ákvæði er virt, verður að telja, að sjávarútvegsmálaráðuneytið hafi haft það frjálssar hendur um úthlutun styrks þessa, að aldrei hafi myndast lögvarinn kröfuréttur stefnanda til fjárins. Ber því þegar af þeirri ástæðu að sýkna bæði aðalstefnda og framhaldsstefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Aðalstefndu, fjármála- og sjávarútvegsmálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og framhaldsstefndi, Baldur Guðmundsson, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Varðar h/f, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 23. marz 1966.

Nr. 189/1964. **Ingólfur Arnarson** (Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Draupni h/f

(Sveinn Haukur Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. nóvember 1964. Krefst hann þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 74.182.15 (185.653.67